



Eyþór Ingi Jónsson hóf tónlistarnám sex ára gamall á æskustöðvunum í Dalasýslu en nam síðar orgelleik hjá Fríðu Lárusdóttur við Tónlistarskólann á Akranesi. Því næst nam hann orgelleik, kórstjórn og hliðargreinar við Tónskóla Þjóðkirkjunnar undir leiðsögn Harðar Áskelssonar, Smára Ólasonar o.fl. Eyþór lauk kantorsprófi frá skólanum vorið 1998. Við tók 7 ára nám við tónlistarháskólann í Piteå í Svíþjóð, fyrst við kirkjutónlistardeild og síðar við konsertorganistadeild. Þaðan lauk hann prófi með hæstu einkunn vorið 2007. Orgelkennari hans var prófessor Hans-Ola Ericsson og einnig hefur hann lært hjá prófessor Gary Verkade. Hann hefur einnig sótt námskeið hjá fjölda þekkra kennara víða um Evrópu. Auk orgelleiks lagði Eyþór mikla áherslu á kórstjórn í náminu og nam hjá prófessor

Erik Westberg. Eyþór hefur kennt orgelleik, spuna og kórstjórn ásamt fræðigreinum í Svíþjóð og á Íslandi. Nú kennir hann við Tónlistarskólann á Akureyri og Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Hann hefur haldið hátt í 100 einleikstónleika hérlendis og erlendis og leikið með fjölda hljóðfæraleikara og söngvara. Í janúar 2009 flutti Eyþór orgelkonsert eftir Marco Enrico Bossi ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Eyþór starfar nú sem organisti við Akureyrarkirkju og stjórnar auk Kórs Akureyrarkirkju kammerkórnum Hymnodiu og Ísold. Eyþór hefur einbeitt sér annars vegar að flutningi tónlistar frá 17. öld og hins vegar nútímatónlistar og spuna, bæði fyrir orgel og kór. Hann situr í ýmsum fagráðum og nefndum og er listrænn stjórnandi Barokksmiðju Hólastiftis. Eyþór var bæjarlistamaður Akureyrar 2011-2012.